

## Áttundi fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Árið 2019, fimmtudaginn 12. desember kl: 20.30 kom Lýðheilsu og æskulýðsnefnd saman til fundar í Ásastíg Flúðum

### 8. fundur kjörtímabilsins 2018 – 2022.

Mættir til fundar: Guðríður Eva Þórarinnisdóttir formaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari, Heimir Sigurðsson nefndarmaður

1. Nýr opnunartími sundlaugar eftir áramót
  - a. Nefndin hefur ákveðið að sveitastjórn ætli að loka sundlauginni einn dag í viku á móti því að opna klst fyrir á mánudögum og þriðjudögum. Þetta þýðir að opnunartími sundlaugar styttest um tvo tíma á viku. Það er ekki í samræmi við aukna lýðheilsuvitund og starf heilsueflandi samfélags að skerða þjónustu á sama tíma og verðskrá er hækkuð. Það er mjög mikilvægt að íbúar sveitarinnar geti stundað sína hreyfingu daglega til að viðhalda og auka styrk og hreyfanleika.
  - b. Nefndin ítrekar aftur sínar tillögur af opnunartímann
    - i. 3x í viku 6.30 – 8.30 og seinnipart þá daga 17/18-21, 2x í viku 16 – 20/21 og óbreytt um helgar
    - ii. ef fjárhagsáætlun gefur ekki rými fyrir aukna opnun stingur nefndin uppá að opnunartími verði svo: mánudagur og þriðjudagur 16-20, miðvikudagur, fimmtudagur og föstudagur 17-21 og óbreytt opnun um helgar.
2. Bréf til íþróttá og æskulýðsfélaga gegn kynferðislegu áreitni og ofbeldi í íþróttá og æskulýðsstarfi barna og unglinga
  - a. Nefndin hefur sett saman bréf og vill fá samþykki sveitastjórnar fyrir því bréfi að það verði sent á íþróttá og æskulýðsfélög innan Hrunamannahrepps

Fundi slitið kl 22.00